

# Foreldraráð Ársólar

**Efni:** Fyrsti fundur fyrir skólaárið 2018-2019

**Dagsetning:** 28. nóvember 2018 kl.15:00

**Staður:** Ársól

**Mættir:** Berglind Grétarsdóttir (BG), skólastjóri og fundarritari, Anna Kristín Guðmundsdóttir, Anna María Eiríksdóttir, Íris Krístrún Kristmundsdóttir og Mjöll Einarsdóttir

---

## 1. Fulltrúar kynntu sig og skiptu með sér embættum

- Fulltrúar í foreldraráði Ársólar á skólaárinu 2018-2019 eru eftirfarandi:
  - Anna Kristín Guðmundsdóttir verður formaður. Hún er móðir Viktoríu Mistar á Sjónarhóli.
  - Anna María Eiríksdóttir verður ritari. Hún er móðir Valgerðar Óskar á Sunnukoti.
  - Íris Krístrún Kristmundsdóttir verður meðstjórnandi. Hún er móðir Henriks Jökuls á Sjónarhóli.
  - Mjöll Einarsdóttir verður meðstjórnandi. Hún er móðir Lenu Mjallar á Sjónarhóli.
  - Berglind Grétarsdóttir skólastjóri Ársólar er tengiliður skólans við foreldraráðið og jafnframt gjaldkeri foreldrafélagsins (svo að það þurfi ekki að skipta um prókúruhafa á reikningi félagsins á hverju ári).

## 2. Hlutverk foreldraráðsins/-félagsins

- Berglind útskýrði stuttlega hlutverk foreldraráða í leikskólum sem hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, t.d. árið 2016 gaf foreldraráðið umsögn þegar til stóð að flytja leikskólann úr Sólheimum í Völundarhús í júlí 2016.
- Einnig gefur ráðið umsagnir til leikskóla um starfsáætlanir sem er skilað inn til Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur 1. júlí ár hvert og þegar það verða breytingar á skólanámskrá, o.fl.
- Þar sem Ársól er lítill leikskóli þá eru fulltrúar í foreldraráði einnig í foreldrafélaginu.
- Lítið er um utanaðkomandi skemmtanir í Ársól vegna ungs aldurs barnanna. Foreldrafélagið í samstarfi við stjórnendur Ársólar hefur séð um að skipuleggja vor/sumarhátíð leikskólans sem fer yfirleitt fram í lok maí eða byrjun júní ár hvert.
- Foreldrafélagsgjaldið stendur undir kostnaði við vorhátíðina og foreldrafélagið hefur jafnframt styrkt leikskólann með ýmsum gjöfum, t.d. myndavélar, hjálmar, hjól, húsgögn, púðar o.fl.

## 3. Staða á reikningi foreldrafélagsins

- Ekki var hægt að nálgast stöðu á reikningi foreldrafélagsins fyrir fund en BG upplýsir foreldra um stöðuna við fyrsta tækifæri.
- Kostnaður við sumarhátíð Ársólar 2018 var kr.125,432,- og innifalið í þeirri upphæð var skemmtiatriði frá Skoppu og Skríttlu, leiga á hoppukastala og ávaxtaís frá Ísmanninum.
- Foreldrafélagið skoðar hvað þau vilja nota afgangsbætur peninga í, t.d. að fá fyrirlestur fyrir foreldra eða þess háttar.

#### **4. Veikindi barna**

- BG ræddi lítillega um þær magapestir sem hafa verið að ganga í haust og nauðsyn þess að loka leikskólanum langa helgi í október og að auki deildinni Sólheimum föstudaginn 2. nóvember. Hún hefur verið í samskiptum við Stefán Matthíasson sóttvarnalækni í Reykjavík út af þessu og Teit Guðmundsson trúnaðarlækni Skóla sem hafa ítrekað verklag í kringum svona pestir.
- Foreldraráðið sýnir því skilning að strangt þurfi að taka á því hvenær börn eru send heim og endurkomu þeirra eftir veikindi til að draga sem mest úr smithættu á milli barna og starfsfólks.

#### **5. Dagarnir á milli jóla- og nýárs**

- Ef börnin eru í fríi báða dagana á milli jóla- og nýárs þá fá foreldrar afslátt af leikskólagjöldunum fyrir janúar mánuð (þau þurfa ekki að borga fyrir þessa tvo daga)
- Þetta er sama verklag og hjá leikskólum Reykjavíkurborgar og munum við fylgja þessu framvegis.

#### **6. Sumarhátíð Ársólar 2019**

- Það er hefð fyrir því að foreldrafélag Ársólar í samvinnu við starfsfólk skólans haldi veglega vorhátíð í lok maí/ byrjun júní á hverju ári.
- Skoppa og Skríttla eða Íþróttáálfurinn hafa verið fastir gestir og einnig er hoppukastali, andlitsmálning og heilsusamlegar veitingar í boði.
- Skoppa og Skríttla skemmtu 2018 og vöktu þær mikla lukku
- Ákveðið var að bíða með að fastsetja dagsetningu fyrir hátíðina þangað til við vitum hvenær Skoppa og Skríttla eru að skemmta næsta sumar.

#### **7. Niðurgreiðsla með 2ja ára börnum**

- Sum börn með vistun í Ársól hafa þurft að vera lengur en til tveggja ára hér því leikskólinn sem barnið á að fara á hjá Reykjavíkurborg hefur ekki getað tekið það inn vegna mannekle.
- Fyrir vikið þurfa foreldra þessara barna að greiða meira fyrir vistunina í Ársól en ef börnin væru komin í leikskóla hjá borginni.
- Þetta er ekki brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga því hún á við þjónustuna sem sveitarfélögin veita í leikskólum sem þau reka og ná ekki til sjálfstætt starfandi leikskóla.
- Þetta er þó eitthvað sem foreldraráð Ársólar vill kanna nánar og munu þau vera í samskiptum við Samtök Sjálfstæðra Skóla (SSSK) og rekstraraðila Ársólar (Skólar ehf.) út af þessu.

#### **8. Önnur mál**

- Fyrirspurn hvort Ársól geti oftari verið með sömu starfsdaga og aðrir leik- og grunnskólar hjá Reykjavíkurborg. Það hefur reynst erfitt þar sem skólinn er að þjónusta börn sem búa víðsvegar um borgina. BG mun skoða þetta áður en skóladagatalið fyrir skólaárið 2019-2020 er gefið út.
- Umræða um konfekt og súkkulaði sem foreldrar eru duglegir að gefa starfsfólki Ársólar í desember ár hvert. Starfsfólkinu finnst alltaf gaman að vita hversu þakklátir foreldrar eru en að hafa það í huga að við erum Heilsuleikskóli og viljum halda

sykurneyslu í lágmarki. Ef foreldrar vilja koma á framfæri þakklæti við starfsfólkið þá geta foreldrar millifært á starfsmannasjóðinn eða sett í sparibauk ef foreldrar vilja hafa styrkinn nafnlausan. Þannig getur starfsfólkið einnig keypt smá konfekt fyrir kaffistofuna og restin af upphæðinni safnast í starfsmannasjóðinn.

- Staða aðstoðarskólastjóra Ársólar sem Árný Sif deildarstjóri á Sólheimum gegnir er að breytast. Vegna smæðar leikskólans var ákveðið á sínum tíma að staðan væri bæði aðstoðarskóla- og deildarstjóri en breytist þetta fyrirkomulag frá 1. mars 2019. Staðan mun eingöngu vera aðstoðarskólastjóri með 6 tíma stjórnun og vinna inn á deildum. Árný Sif vill frekar vera áfram deildarstjóri og því mun hún segja upp stöðunni sem aðstoðarskólastjóri og við auglýsa eftir nýjum aðstoðarskólastjóra fljótlega.

Fundi slitið kl.16:00